



YFIRLIT ÁRSINS 2017

FLUGSVIÐ




Efnisyfirlit

| | |
|---|----|
| TILKYNNINGAR UM ATVIK - ALVARLEG FLUGATVIK - FLUGSLYS | 3 |
| TEKIÐ TIL RANNSÓKNAR Á ÁRINU | 4 |
| RANNSÓKNIR SEM LOKIÐ VAR ÁRINU | 6 |
| NEFNDARFUNDIR | 7 |
| TILLÖGUR Í ÖRYGGISÁTT | 8 |
| ERLENT SAMSTARF 2017 | 11 |
| BANASLYS | 12 |
| OPNAR RANNSÓKNIR Í ÁRSLOK 2017 | 14 |

TILKYNNINGAR UM ATVIK - ALVARLEG FLUGATVIK - FLUGSLYS

Á árinu 2006 tók gildi reglugerð um aukna tilkynningaskyldu atvika í flugi. Árið 2007 var fyrsta árið eftir gildistöku hennar og bárust 554 tilkynningar það ár. Tilkynningar um atvik eru tilkynnt til Samgöngustofu og fær flugsvið RNSA afrit af þeim í þeim tilgangi að ákveða hvort eitthvert þeirra flokkist sem alvarlegt og skuli þannig tekið til rannsóknar. Tilkynnt atvik til Samgöngustofu eru greind þar og nýtast meðal annars í úttektum og öðru eftirliti.

Á árinu 2017 bárust flugsviði RNSA alls 2.478 tilkynningar um flugatvik, alvarleg flugatvik og flugslys. Er þetta talsverð fjölgun frá gildistíma reglugerðarinnar eða rúmlega fjórum sinnum fleiri en frá árinu 2007. Á myndinni hér að neðan má sjá fjölgun tilkynninga á árunum 2008 til 2017.




Þess ber að geta að aukning á fjölda tilkynninga má ekki endilega rekja til þess að öryggi í flugi sé að rýrna heldur frekar að tilkynningarskildir aðilar eru duglegri að tilkynna en áður ásamt aukningu í flugumferð.

TEKIÐ TIL RANNSÓKNAR Á ÁRINU

Flugsvið RNSA skoðaði **33** mál af þeim 2.478 atvikum sem tilkynnt voru og skráði 19 þeirra sem flugslys (2) eða alvarleg flugatvik (17) og tók þau til formlegrar rannsóknar. Fjórtán mál reyndust minniháttar mál og voru endurskilgreind sem „Minniháttar – Atvik“ og voru því ekki skoðuð nánar. Á töflunni hér að neðan má sjá yfirlit skráðra mála hjá flugsviði RNSA á árinu 2017.

| Málsnúmer | Flokkun | Heiti | Skráning | Tegund | Staður | Dags |
|-------------|---------------------|--|-----------------|-------------------------------------|--------------------------------------|------------|
| 17-008F001 | Alvarlegt flugatvik | Reykur frá APU | TF-BBB | Boeing 737-400 | British Midland | 3.2.2017 |
| 17-009F002 | Alvarlegt flugatvik | Rafmagnsreykur við kennsluflug | TF-KFH | Diamond DA-40 | BIKF | 15.2.2017 |
| 17-010F003 | Minniháttar mál | Aðskilnaðarmissir þyrlu og drone | TF-HDK | Airbus AS 350B2 | BIRK | 7.1.2017 |
| 17-012F004 | Minniháttar mál | Cabin crew burn on hot water | TF-FIS | Boeing 757-200 | Á flugi KEF-GLA | 19.2.2017 |
| 17-018F005 | Alvarlegt flugatvik | Fuel emergency declared | TF-FIP | Boeing 757-200 | Manchester | 23.2.2017 |
| 17-024F006 | Alvarlegt flugatvik | Flökkt á hæðastýri | TF-FTO | Textron 172S | BIRK | 8.3.2017 |
| 17-025F007 | Minniháttar mál | Damaged propeller during taxi | TF-KFX | Diamond DA-20 | BIKF | 11.3.2017 |
| 17-034F008 | Minniháttar mál | Flugliði slasast á fæti | TF-ISP | Boeing 767-300 | Á flugi ARN-KEF | 2.4.2017 |
| 17-039F009 | Minniháttar mál | Cabin crew member jammed toe | TF-FIS | Boeing 757-200 | Á flugi KEF-ORD | 12.4.2017 |
| 17-040F010 | Minniháttar mál | Solonemi keyrði á taxiljós | TF-KFF | Diamond DA-20 | BIKF | 13.4.2017 |
| 17-041F011 | Minniháttar mál | Eldsneytismál | TF-TEN | Tecnam P2010 | BIRK | 15.4.2017 |
| 17-042F012 | Alvarlegt flugatvik | Runway excursion | YL-PSH | Boeing 737-800 | BIKF | 28.4.2017 |
| 17-049F013 | Minniháttar mál | Cabin crew injury | TF-ISZ | Boeing 757-200 | Á flugi KEF-HEL | 26.4.2017 |
| 17-050F014 | Alvarlegt flugatvik | Aflmissir á hreyfli og nauðlent | TF-FAD | Piper PA-38-112 | Eyjafjarðarvegur | 9.5.2017 |
| 17-076F015 | Flugslys | Stélkastaðist í lendingarbruni | TF-KAX | Cessna 305C | Sandskeið | 11.6.2017 |
| 17-077F016 | Alvarlegt flugatvik | Reykur í flugstjórnarklefa | TF-FXB | DHC-8-400 | BIAR | 8.6.2017 |
| 17-108F017 | Alvarlegt flugatvik | Incapacitation | TF-WIN | Airbus 321 | BWI í USA | 9.7.2017 |
| 17-109F018 | Alvarlegt flugatvik | Engine shut down | LN-LNH | Boeing 787 | 200 NM NW BIKF | 16.7.2017 |
| 17-114F019 | Flugslys | TF-KFG Hlekkist á í lendingu | TF-KFG | Diamond DA-20 | BIKF | 28.7.2017 |
| 17-115F020 | Alvarlegt flugatvik | Engine shut down | G-VYUM | Boeing 787 | 400 NM frá BIKF | 29.7.2017 |
| 17-116F021 | Alvarlegt flugatvik | Nauðlenti eftir að hreyfill missti afl | TF-FHI | Textron 152 | Á vegi við Miðfell, austan Þingvalla | 3.8.2017 |
| 17-0131F022 | Minniháttar mál | Snúið við vegna EICAS bilunar | TF-ISZ | Boeing 757-200 | Við Langjökul og snúið við til BIKF | 6.8.2017 |
| 17-136F023 | Alvarlegt flugatvik | Rákust saman á flugi | TF-FTZ / TF-PIA | Textron 172S / Piper PA-28-161 | Vestan Langjökuls | 5.9.2017 |
| 17-139F024 | Minniháttar mál | Vængur lostnaði í akstri á braut | TF-107 | Kolb Firestar II | Bíldudal | 13.9.2017 |
| 17-140F025 | Alvarlegt flugatvik | Eldur frá rafrettu | HA-LPK | Airbus 320 | 170 NM east of BIKF | 13.9.2017 |
| 17-151F026 | Alvarlegt flugatvik | Flugumferðaratvik | TF-HDI / TF-IFA | Agusta AB206B / Tecnam P2002 | Helluflugvöllur | 13.10.2017 |
| 17-152F027 | Alvarlegt flugatvik | Hreyfill missti afl í flugtaki | TF-IFB | Tecnam P2002 | BIRK | 13.10.2017 |
| 17-173F028 | Alvarlegt flugatvik | Flugumferðaratvik við BIRK | TF-FGB / TF-CAB | Diamond DA-20 / Giðsland GA8-TC-320 | BIRK | 28.9.2017 |
| 17-174F029 | Minniháttar mál | Flugumferðaratvik við BIRK | TF-SKN / TF-KFC | Textron 172N / Diamond DA-40 | BIRK | 25.11.2017 |
| 17-175F030 | Minniháttar mál | Loftskrúfa rakst í towbar | TF-RVM | Piper PA-28-181 | BIRK | 28.11.2017 |
| 17-176F031 | Minniháttar mál | Dróni flýgur í nánd við þyrlu | TF-GNA | Eurocopter AS 332L1 Super Puma | Ingólfsfjall | 30.11.2017 |
| 17-177F032 | Minniháttar mál | Neyðarástandi lýst yfir og afturkallað | LWG492 | Cessna 650 Citation | Mýrdalsjökull FL100 | 26.12.2017 |
| 17-178F033 | Alvarlegt flugatvik | Fór út af brautarenda í lendingu | TF-PAC | Piper PA-18-95 | Úlfarsárfell | 31.12.2017 |

Fjöldi mála sem tekin hafa verið til rannsóknar á síðustu 10 árum.




RANNSÓKNIR SEM LOKIÐ VAR ÁRINU

Á árinu 2017 lauk flugsvið RNSA alls 29 málum. Þar af var 7 málum lokið með útgáfu á lokaskýrslu, 9 málum var lokað með bókun og 13 mál voru skilgreind sem atvik og ekki rannsökuð nánar.

| Málsnúmer | Heiti | Afgreiðsla | Opnað | Lokað |
|----------------|--|---------------------|------------|------------|
| M-01513/AIG-11 | TF-MYX brotlenti við Hlíðarfjall á Akureyri | Skýrsla | 5.8.2013 | 12.6.2017 |
| M-00414/AIG-02 | TF-HDW brotlenti á Eyjafjallajökli | Skýrsla | 1.5.2014 | 10.8.2017 |
| M-01214/AIG-09 | TF-KFB brotlenti á Vatnsleysuströnd | Skýrsla | 29.6.2014 | 10.8.2017 |
| M-03114/AIG-23 | TF-142 brotlenti á Þingvallavegi | Skýrsla | 28.8.2014 | 10.8.2017 |
| M-03414/AIG-26 | TF-FGC nauðlenti eftir aflmissir á hreyfli við Sandskeið | Skýrsla | 15.9.2014 | 6.10.2017 |
| 2015-069-F-015 | TF-FTM á hvolf í snertilendingu á Sandskeiði | Skýrsla | 17.7.2015 | 2.11.2017 |
| 2016-021F010 | TF-ISE Sjónflug í skýjum í Eyjafirði | Lokað með bókun | 21.4.2016 | 22.6.2017 |
| 2016-055F013 | TF-200 Nauðlenti í Úlfársdal | Skýrsla | 4.6.2016 | 22.6.2017 |
| 2016-146F023 | TF-KNA Nauðlending í Heiðmörk | Lokað með bókun | 2.12.2016 | 21.9.2017 |
| 17-008F001 | TF-BBB Reykur frá APU | Lokað með bókun | 3.2.2017 | 20.10.2017 |
| 17-009F002 | TF-KFH Rafmagnsreykur við kennsluflug | Lokað með bókun | 15.2.2017 | 20.10.2017 |
| 17-010F003 | Aðskilnaðarmissir þyrlu og drone | Atvik - Minniháttar | 7.1.2017 | 20.10.2017 |
| 17-012F004 | TF-FIS cabin crew injury from burn on hot water | Atvik - Minniháttar | 19.2.2017 | 21.2.2017 |
| 17-025F007 | TF-KFX damaged propeller during taxi | Atvik - Minniháttar | 11.3.2017 | 27.3.2017 |
| 17-034F008 | TF-ISP flugliði slasast á fæti | Atvik - Minniháttar | 2.4.2017 | 6.4.2017 |
| 17-039F009 | TF-FIS cabin crew member jammed toe | Atvik - Minniháttar | 12.4.2017 | 19.4.2017 |
| 17-040F010 | TF-KFF solonemi keyrði á taxiljós á BIKF | Atvik - Minniháttar | 13.4.2017 | 19.4.2017 |
| 17-041F011 | TF-TEN eldsneytismál á BIRK | Atvik - Minniháttar | 15.4.2017 | 19.4.2017 |
| 17-049F013 | TF-ISZ cabin crew injury | Atvik - Minniháttar | 26.4.2017 | 12.5.2017 |
| 17-050F014 | TF-FAD aflmissir á hreyfli og nauðlent | Lokað með bókun | 9.5.2017 | 20.12.2017 |
| 17-076F015 | TF-KAX stélkastaðist í lendingarbruni | Lokað með bókun | 11.6.2017 | 20.10.2017 |
| 17-077F016 | TF-FXB Reykur í flugstjórnarklefa | Lokað með bókun | 8.6.2017 | 20.10.2017 |
| 17-109F018 | LN-LNH Dreamliner Engine shut down | Lokað með bókun | 16.7.2017 | 20.10.2017 |
| 17-115F020 | G-VYUM Dreamliner Engine shut down | Lokað með bókun | 29.7.2017 | 20.10.2017 |
| 17-0131F022 | TF-ISZ snúið við vegna EICAS bilunar | Atvik - Minniháttar | 6.8.2017 | 16.8.2017 |
| 17-139F024 | TF-107 vængur lostnaði á Bíldudal | Atvik - Minniháttar | 13.9.2017 | 27.9.2017 |
| 17-174F029 | TF-SKN / TF-KFC aðskilnaðarmissir | Atvik - Minniháttar | 25.11.2017 | 8.12.2017 |
| 17-175F030 | TF-RVM loftskrúfa rakst í towbar | Atvik - Minniháttar | 28.11.2017 | 8.12.2017 |
| 17-176F031 | Dróni flýgur í nánd og fyrir flugstefnu þyrlu við Ingólfsfjall | Atvik - Minniháttar | 30.11.2017 | 18.12.2017 |

NEFNDARFUNDIR

Á árinu 2017 voru haldnir 28 nefndarfundir á flugsviði RNSA og voru alls 26 mál til umfjöllunar. Er þetta talsvert yfir meðaltali. Þá voru 27 fundir haldnir á árinu 2016 en almennt hafa verið haldnir 22-23 fundir á flugsviði á hverju ári.



Helstu verkefni á nefndarfundum er yfirferð á drögum um lokaskýrslur, meðferð þeirra athugasemda sem gerðar eru við drög ásamt meðferð lokaskýrslna. Þá eru tæknileg atriði rannsókna einnig til umfjöllunar á nefndarfundum.

TILLÖGUR Í ÖRYGGISÁTT

Frá árinu 1996 hefur Rannsóknarnefnd flugslysa og nú flugsvið Rannsóknarnefndar samgönguslysa gefið út að meðaltali um það bil 12 tillögur eða tilmæli í öryggisátt á hverju ári eða um eina á mánuði. Tillögur og viðbrögð við þeim má finna á vef Rannsóknarnefndar samgönguslysa.

Alls voru gerðar 6 tillögur í öryggisátt og 5 tilmæli á árinu 2017 á flugsviði. Tillögurnar voru eftirfarandi:

TF-MYX at Akureyri on 5. August 2013:

ICETRA:

- It is recommended to the Icelandic transport authority (ICETRA) to consider that a paramedic in an ambulance flight should be defined as a crew member.

Mýflug:

- It is recommended to the operator to re-evaluate its CRM training.

TF-200 í Úlfarsárdal 4. júní 2016:

Samgöngustofa:

- RNSA ítrekar fyrri tillögu sína frá 17. september 2014 til Samgöngustofu úr skýrslu vegna flugslyss á físi TF-303, er varð þann 20. október 2012, um að „auknar kröfur verði gerðar um þekkingu og vinnubrögð þeirra sem vinna að samsetningu sem og viðhaldi físa.“

TF-HDW á Eyjafjallajökli 1. maí 2014:

Norðurflug:

- RNSA beinir því til Norðurflugs að setja í handbækur sínar verklagsreglur varðandi landingar á jöklum og á snjó, þegar hætta er á að flugmenn geti misst viðmið á jörðu.

TF-KFB á Vatnsleysuströnd 29. júní 2014:

Keilir:

- RNSA beinir því til flugskólans Keilis að hann endurskoði handbók flugnema í þeim tilgangi að tryggja tvíþátta mælingu og samanburð á eldsneyti við fyrirflugsskoðun.

TF-142 in Mosfellsdalur on 28. August 2014:

Göbler Hirthmotoren KG:

- The ITSB recommends that Göbler Hirthmotoren KG updates its Operator's Manual for Hirth engine 3503 with the correct spark plug information in Table 4.1 of Chapter 6. Specifications – 3503 engine.

Þau tilmæli sem nefndin gaf út á flugsviði voru eftirfarandi:

TF-ISE í Eyjafirði þann 21. apríl 2016:

Flugmenn:

- RNSA hvetur flugmenn til þess að huga að hvíld fyrir flug.
- RNSA hvetur flugmenn að huga vel að veðri á flugleið áður en lagt er á stað í sjónflugi.

TF-KFB á Vatnsleysuströnd 29. júní 2014:

Flugmenn:

- RNSA beinir þeim tilmælum til flugmanna að kynna sér upplýsingar og tilmæli Samgöngustofu varðandi ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir eldsneytisskort.

TF-FTM við Sandskeið þann 17. júlí 2015:


Flugmenn:

- RNSA beinir þeim tilmælum til flugmanna að þeir kynni sér til hlítar beitingu stýra í hliðarvindi.

Flugkennara:

- RNSA beinir þeim tilmælum til flugkennara að gæta vel að veðri áður en einflugsnemi er sendur í einflug.

Eftirfarandi súlurit sýnir samanburð síðustu 10 ára á útgáfu á tillögum í öryggisátt og og tilmælum á flugsviði.



ERLENT SAMSTARF 2017

Rannsakendur á flugsviði tóku þátt í Norðurlanda- og Evrópusamstarfi rannsóknarnefnda flugslysa, á vettvangi Norðurlandafundar (NAIG), tengslaneti rannsakenda í Evrópu (ENCASIA) og hjá samtökum flugmálayfirvalda í Evrópu (ECAC). Þá sóttu rannsakendur fund hjá Alþjóðflugmálastofnuninni (ICAO) og Flugöryggisstofnun Evrópu (EASA).

Rannsakendur á flugsviði sóttu tvær ráðstefnur flugslysarannsakenda, annarsvegar í Evrópu (ESASI) og hinsvegar á alþjóðavísu (ISASI). Þess ber að geta að Ísland stóð fyrir alþjóðlegri ráðstefnu á Íslandi árið 2016 og á nú fulltrúa í ráði ESASI.

Þegar flugslys eða alvarleg flugatvik eru tekin til rannsóknar hafa önnur ríki svo sem hönnunarríki, ríki framleiðanda og skráningaríki loftfara, rétt til þátttöku í rannsókninni. Í tengslum við rannsókir sem í gangi voru á árinu 2017 var flugsvið RNSA í samstarfi við erlendar rannsóknarnefndir, svo sem NTSB (Bandaríkin), AAIB (Bretland), TSB (Canada), Havarikommisionen (Danmörk), SHK (Svíþjóð), Onnettomuustutkintakeskus (Finland), BEA (Frakkland), BFU (Þýskaland), TAIIB (Lettlandi), TSB (Ungverjaland) og ANSV (Ítalía).

Í tengslum við námskeið og þjálfun tók flugslysarannsakendur RNSA þátt í þjálfun fyrir jafningjaskoðun Evrópskra flugslysanefnda (Peer review) en ENCASIA hefur meðal annars staðið fyrir skoðun rannsóknarnefnda allra Evrópuríkja.

Þá hefur RNSA verið þátttakandi í undirbúningi fyrirhugaðra flugslysaæfinga hjá minni stofnunum vegna viðbragða við stórslysi en Ísland er eitt þriggja ríkja sem setja upp slíka æfingu um miðjan maí 2018. Önnur ríki taka þátt í slíkri æfingu innan Evróputengslanets rannsakenda flugslysa (ENCASIA), en það eru Litháen og Slóvenía. Æfingin er skrifborðsæfing og er fyrirhuguð hjá öllum Evrópuríkjum á næstu árum.


Að venju tók flugsvið RNSA þátt í flugslysaæfingu á vegum Isavia, sem haldin var á Ísafirði í október 2017.

BANASLYS


Engin banaslys urðu í flugi á árinu 2017 og er það annað árið í röð sem ekki voru banaslys á íslensk skráðu loftfari.

Fimm banaslys hafa verið í flugi á íslensk skráðum loftförum á síðustu 10 árum. Eitt varð árið 2009 þegar einkaflugvél TF-GUN flaug á rafmagnsvír í Selárdal og einn maður lést. Tveir menn létust árið 2012 þegar fis TF-303 var í kennsluflugi, ofreis og fór í spuna á Reykjanesi. Árið 2013 létust tveir menn þegar sjúkraflugvél TF-MYX brotlenti á Akureyri. Þá voru tvö banaslys á árinu 2015. Það fyrra varð þegar N610LC, einkaflugvél af gerðinni DHC-2 Beaver brotlenti í Barkárdal í ágúst 2015 með þeim afleiðingum að ferjuflugmaður lést og flugmaður slasaðist töluvert. Það síðara varð þegar TF-IFC, kennsluflugvél af gerðinni Tecnam P2002JF brotlenti í Kapelluhrauni sunnan Hafnarfjarðar í nóvember 2015 með þeim afleiðingum að tveir menn létust. Það eru 20 ár síðan tvö banaslys voru í flugi á einu ári en það var árið 1997.

Alls hafa því átta manns farist í fimm flugslysum á síðustu 10 árum á Íslandi.





Á neðangreindu riti má sjá lista yfir öll banaslys frá upphafi á íslensk skráðum loftförum. Vert er að benda á að á árunum 2001 -2008 voru átta ár samfleytt án banaslysa í flugi á Íslandi.




OPNAR RANNSÓKNIR Í ÁRSLOK 2017

Í lok ársins 2017 voru 24 mál sem ekki var búið að ljúka og er það fjölgun um 5 mál frá fyrra ári. Þar af voru 14 mál frá árinu 2017, 3 mál frá árinu 2016, 3 mál frá árinu 2015 og 4 mál frá árinu 2014.

Þrátt fyrir fjölgun opinna mála frá fyrra ári á flugsviði RNSA þá hefur meðalaldur mála lækkað á milli ára og stendur hann í 1,4 ár við árslok, en meðaltal síðustu 10 ára er 1,26 ár. Nánari upplýsingar um opin mál má sjá á vef RNSA.





| Mál Nr | Flokkun | Skráning | Tegund | Staður | Dags | Atvik | Staða máls |
|----------------|---------------------|---------------|----------------------------|--------------|------------|-------------------------------------|---------------------------------------|
| M-01014/AIG-07 | Flugslys | TF-150 | V-fun SkyRanger | Löngufjörur | 7.6.2014 | Hlekkist á í landingu | Drög að lokaskýrslu send til umsagnar |
| M-01514/AIG-12 | Alvarlegt flugatvik | G-BYLP | Rand Robinson Kr-2 | Austurland | 4.7.2014 | Sjónflugsvél í blindflugs-skilyrðum | Drög að lokaskýrslu send til umsagnar |
| M-02814/AIG-20 | Alvarlegt flugatvik | TF-ROD | Piper PA-12 replica | Hveragerði | 12.8.2014 | Loftskrufan brotnaði | Rannsókn |
| M-03614/AIG-27 | Alvarlegt flugatvik | OY-HIT/TF-FGB | AS350 / DA-20 | BIRK | 15.11.2014 | Aðskilnaðarmissir | Drög að lokaskýrslu send til umsagnar |
| 2015-055-F-006 | Flugslys | TF-REX | Jodel D-117A | Mosfellsbær | 11.5.2015 | Brotlenti | Drög að lokaskýrslu send til umsagnar |
| 2015-075-F-021 | Flugslys | N610LC | DHC-2 Beaver | Barkárdalur | 9.8.2015 | Brotlenti | Drög lögð fyrir nefndina |
| 2015-089-F-026 | Flugslys | TF-IFC | Tecnam P2002JF | Kapelluhraun | 12.11.2015 | Brotlenti | Rannsókn |
| 2016-008F003 | Alvarlegt flugatvik | 757/767 | Boeing 757/767 | Á flugi | 3.2.2016 | Cabin Crew Illness | Rannsókn |
| 2016-052F012 | Flugslys | HB-ZOO | AS355 | Nesjavelli | 22.5.2016 | Brotlenti | Rannsókn |
| 2016-131F022 | Alvarlegt flugatvik | TF-ISR | Boeing 757-200 | BIKF | 19.10.2016 | Óstöðugt aðflug | Rannsókn |
| 17-010F003 | Alvarlegt flugatvik | TF-HDK | Airbus helicopter AS 350B2 | BIRK | 7.1.2017 | Aðskilnaðarmissir þyrlu og drone | Rannsókn |

| | | | | | | | |
|------------|---------------------|-----------------|--------------------------------------|--------------------------------------|------------|--|----------------------------------|
| 17-018F005 | Alvarlegt flugatvik | TF-FIP | Boeing 757-200 | Manchester | 23.2.2017 | Fuel emergency declared at Manchester | Rannsókn |
| 17-024F006 | Alvarlegt flugatvik | TF-FTO | Textron 172S | BIRK | 8.3.2017 | Flökkt á hæðastýri | Drög að bókun hafa verið skrifuð |
| 17-042F012 | Alvarlegt flugatvik | YL-PSH | Boeing 737-800 | BIKF | 28.4.2017 | Runway excursion | Rannsókn |
| 17-108F017 | Alvarlegt flugatvik | TF-WIN | Airbus 321 | BWI í USA | 9.7.2017 | Incapacitation | Rannsókn |
| 17-114F019 | Alvarlegt flugatvik | TF-KFG | Diamond DA-20 | BIKF | 28.7.2017 | TF-KFG Hlekkist á í landingu | Rannsókn |
| 17-116F021 | Alvarlegt flugatvik | TF-FHI | Textron 152 | Á vegi við Miðfell, austan Þingvalla | 3.8.2017 | Nauðlenti eftir að hreyfill missti afl | Rannsókn |
| 17-136F023 | Alvarlegt flugatvik | TF-FTZ / TF-PIA | Textron 172S / Piper PA-28-161 | Vestan Langjökuls | 5.9.2017 | Rákust saman á flugi | Rannsókn |
| 17-140F025 | Alvarlegt flugatvik | HA-LPK | Airbus 320 | 170 NM east of BIKF | 13.9.2017 | Eldur um borð frá rafrettu og nauðlent á BIKF | Rannsókn |
| 17-151F026 | Alvarlegt flugatvik | TF-HDI / TF-IFA | Agusta AB206B / Technam P2002 | Helluflugvöllur | 13.10.2017 | Flugumferðarvatik suður af Hellu | Rannsókn |
| 17-152F027 | Alvarlegt flugatvik | TF-IFB | Technam P2002 | BIRK | 13.10.2017 | Hreyfill missti afl í flugtaki | Rannsókn |
| 17-173F028 | Alvarlegt flugatvik | TF-FGB / TF-CAB | Diamond DA-20 / Giðósland GA8-TC-320 | BIRK | 28.9.2017 | Aðskilnaðarmissir | Rannsókn |
| 17-177F032 | Atvik - Minniháttar | LWG492 | Cessna 650 Citation | Mýrdalsjökull FL100 | 26.12.2017 | Neyðarástandi lýst yfir og svo afturkallað á leið til BIRK | Frumrannsókn |
| 17-178F033 | Alvarlegt flugatvik | TF-PAC | Piper PA-18-95 | Úlfarsárfell | 31.12.2017 | Fór út af brautarenda í landingu á fisflugbraut | Frumrannsókn |